



**Ræða
forseta Íslands
Ólafs Ragnars Grímssonar
í hátíðarkvöldverði
forseta Litháens
Dalia Grybauskaite
í opinberri heimsókn til Litháens**

**Vilnius
10. mars 2015**

Virðulegi forseti Dalia Grybauskaite
Kæru gestir

Ég færi yður einlæggar þakkir fyrir þann heiður sem Íslendingum er sýndur með boði í þessa heimsókn og þátttöku í hátíðarhöldum vegna tuttugu og fimm ára afmælis sjálfstæðis Litháens.

Við nutum þeirrar ánægju að fagna yður á Íslandi í ágúst 2011 þegar tuttugu ár voru liðin frá því að Íslendingar urðu fyrstir til að viðurkenna fullt sjálfstæði Litháens og hinna baltnesku ríkjanna. Þá áttum við góða stund í Höfða þar sem þér voruð heiðursgestur, húsinu sem orðið hefur tákn um lyktir kalda stríðsins vegna árangurs leiðtogafundar Reagans og Gorbachevs þar árið 1986.

Íslenska þjóðin hefur ætíð síðan verið stolt af því að hafa getað á örlagastundu rétt hjálparhönd til vinaþjóða við Eystrasalt, ákvörðun sem studd var okkar eigin reynslu af langri baráttu fyrir sjálfstæði og hugsjóninni um samvinnu og samstöðu smárra þjóða; hugsjón sem Vytautas Landsbergis lýsti svo vel í ávarpi til íslensku þjóðarinnar þegar hann í október 1990 var sérstakur gestur Alþingis, elsta löggjafarþings í veröldinni.

Íslendingar hafa svo fylgst náið með þeim árangri sem þjóð yðar hefur náð og studdu á sínum tíma ásamt öðrum norrænum NATO-ríkjum og Bandaríkjunum ósk ykkar um aðild, tókum eindregna afstöðu þegar

ýmsir aðrir vildu að þið biðuð og höfðu áréttað að innan NATO ætti að ríkja önnur forgangsröð.

Því flutti ég í þessum sal í opinberri heimsókn minni árið 1998 þau afdráttarlausu skilaboð að Ísland styddi rétt Litháens og hinna Eystrasaltsríkjanna til aðildar að NATO, stefnu sem var kjarninn í málflutningi okkar á leiðtogafundi bandalagsins í Madrid.

Við gætum lengi kvölds rakið þessa sögu og rætt lærdómana sem hún geymir en heimsókn mín nú og þátttaka í hátíðarhöldum þingsins á morgun er einnig staðfesting á ævarandi vináttu okkar, samstöðu sem í senn á rætur í sögulegum atburðum og sameiginlegri sýn á framtíðina.

Þegar Evrópa glímir enn á ný við ögrandi vanda og óvissan um öryggi og frið mótar viðfangsefni ríkja er áriðandi að áréttu þær hugsjónir sem tengja okkur saman, hollustuna við stjórnskipun lýðræðis, mannréttinda og trúfrelsis; samfélags þar sem ræktun menningar og tungumáls, og friðsamleg samskipti móta daglegt líf.

Í umbreytingum álfunnar á undanförunum áratugum hefur verið ánægjulegt að ríkin átta í Norður-Evrópu, Norðurlönd og Eystrasaltsríkin, hafa bundist margvíslegum böndum, skapað fjölpættan vettvang náinnar samvinnu, bæði okkar á millum og innan alþjóðlegra stofnana.

Þessi nýju ríkjatengsl í Norður-Evrópu eru ásamt öðru framlag til friðar og öryggis í álfunni og um leið grundvöllur til að efla enn frekar tengsl okkar á mörgum sviðum.

Ísland og Litháen hafa notið þessa á ýmsan hátt og samskipti okkar á vettvangi lista, menningar og viðskipta hafa vaxið jafnt og þétt.

Hin unga kynslóð hefur nýtt sér tækifærin en varðveitir um leið í hjarta sínu minningar um fórnirnar sem færðu henni sjálfstæði. Í augum námsmannanna frá Litháen sem heimsótt hafa mig á Bessastöðum, hinu sögufræga forsetasetri okkar Íslendinga, hef ég oft séð gleðina og stoltið sem sjálfstæðið færði þjóðinni.

Heimsókn mín nú og hátíðarhöldin á morgun eru árétting um að tryggja hinum ungu framtíð sem byggir á frelsi, öryggi og lýðræði.

Í þeim anda færi ég yður enn á ný, virðulegi forseti Dalia Grybauskaite, einlæggar þakkir og bið gesti að rísa á fætur og lyfta glösum til heiðurs forseta Litháens og til heilla ævarandi vináttu þjóða okkar.